

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 76/2000**

**frá 2. október 2000**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 57/2000 frá 28. júní 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2593/1999 frá 8. desember 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2728/1999 frá 20. desember 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2757/1999 frá 22. desember 1999 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 5) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2758/1999 frá 22. desember 1999 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(5)</sup> skal felld inn í samninginn.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 73 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 42, 21.9.2000, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 315, 9.12.1999, bls. 26.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 328, 22.12.1999, bls. 23.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 45.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 331, 23.12.1999, bls. 49.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **399 R 2593:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2593/1999 frá 8. desember 1999 (Stjtíð. EB L 315, 9.12.1999, bls. 26),
- **399 R 2728:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2728/1999 frá 20. desember 1999 (Stjtíð. EB L 328, 22.12.1999, bls. 23),
- **399 R 2757:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2757/1999 frá 22. desember 1999 (Stjtíð. EB L 331, 23.12.1999, bls. 45),
- **399 R 2758:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2758/1999 frá 22. desember 1999 (Stjtíð. EB L 331, 23.12.1999, bls. 49).“

### 2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2593/1999, (EB) nr. 2728/1999, (EB) nr. 2757/1999 og (EB) nr. 2758/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES- viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

### 3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*